

## Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað um grunnhugtök hagfræðinnar. Kannaðar verða helstu kenningar, straumar og stefnur innan fræðigreinarinnar og helstu hagfræðilíkön skoðuð.

## Markmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar á:

- grundvallarhugtökum hagfræðinnar sem fræðigreinar
- meginviðfangsefni hagfræðinnar
- mismunandi tegundum hagkerfa
- grunneiningum hagkerfisins
- helstu kenningum hagfræðinnar
- skiptingu hagfræðinnar í þjóðhagfræði og rekstrarhagfræði
- þeim stofnunum sem stjórna stýritækjum hagkerfisins

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita algengustu hugtökum hagfræðinnar á skýran hátt
- taka þátt í einföldum umræðum um hagfræðileg málefni
- nýta sér þekkingu sína við lestur á einföldum hagfræðilegum texta
- beita hagfræðilegum grunnhugtökum og þeim orðaforða sem notaður er í hagfræði

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir grunnatriðum hagkerfisins
- geta tjáð skoðanir sínar á skýran og skilmerkilegan hátt
- gera sér grein fyrir samspili hagfræðinnar í samfélaginu

## Námsgögn

Rekstrarhagfræði fyrir framhaldsskóla. Helgi Gunnarsson

Þjóðhagfræði 103. Inga Jóna Jónsdóttir

Ýmis verkefni frá kennara

## Skipulag áfangans

Í þessum áfanga verður skipulag og vinna í anda leiðsagnarmats (formative assessment) og verður áhersla lögð á ábyrgð nemanda á framvindu eigin náms. Hefðbundnar einkunnir eru ekki gefnar á önninni en nemendur fá endurgjafir í formi umsagna. Umsagnir falla í þrjá flokka:

Stenst ekki lágmarkskröfur: innan við 50% námsmarkmiða náð. Nemandi þarf að vinna áfram með verkefnið.

Kominn áleiðis: 50 – 75% námsmarkmiða náð. Nemandi þarf að betrubæta verkefnið.

Gengur vel: meira en 75% námsmarkmiða náð. Undir nemanda komið hvort hann vinnur meira með verkefnið.

Endurgjöf á að endurspegla stöðu nemanda og nemandi og á ekki að velkjast í vafa um framvindu náms.

Áfanginn og skipulag hans er hluti af tilraunaverkefni sem nokkrir kennarar taka þátt í á önninni.

Nemandi ber sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með framvindu í áfanganum.

## Námsmat

Áfanginn er án hefðbundins lokaprófs. Á önninni verða lögð fyrir 3 próf og gilda þau 50% af lokanámsmati. Ýmis verkefni verða unnin á önninni og gilda þau 50% af lokanámsmati.

<b>Þrjú próf</b>	<b>50% af lokanámsmati (1/3 hvert)</b>
<b>Verkefni, ýmis</b>	<b>50% af lokanámsmati</b>

Próf 1 verður lagt fyrir í vikunni 2. október – 6. október. Próf 2 verður lagt fyrir í vikunni 6. nóvember – 10. nóvember. Próf 3 verður lagt fyrir 4. desember – 8. desember.

Lokanámsmat byggir á verkefnum og prófum og verður lokaekunn gefin á hefðbundinn hátt og þurfa nemendur að standast lágmarkskröfur skólans með 4,5.

## Sérreglur áfangans

Nemandi sem ekki kemst í próf vegna veikinda eða leyfa frá skóla gefst kostur á að taka sjúkrapróf í lok annar og gilda reglur skólans um sjúkrapróf í þeim tilvikum. Mæti nemandi ekki í próf fær hann einkunnina 0. Nemandi sem mætir í próf og skilar ekki lausnfær einkunnina 0.

## Kennari

Þórey Hilmarsdóttir [tho@fsu.is](mailto:tho@fsu.is)

Áætlun þessi er gerð með fyrirvara um breytingar.